

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. júní 2020 í máli nr. 19/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 22. apríl 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili telur að greiðslukrafa varnaraðila, sem stofnaðist þegar bifreið sóknaraðila var lagt í bifreiðastæði í fasteign varnaraðila, sé ólögmat.

### II

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Bifreið sóknaraðila var lagt í bifreiðastæði í kjallara fasteignar varnaraðila þann 14. febrúar árið 2020 frá klukkan 11:00 til 17:59. Varnaraðili innheimtir greiðslur fyrir notkun bifreiðastæðanna en bifreið sóknaraðila var ekið á brott án þess að greitt væri fyrir notkunina. Á þeim tíma fór ættingi sóknaraðila með tímabundin umráð yfir bifreiðinni á meðan sóknaraðili var erlendis. Sóknaraðila barst greiðslukrafa frá varnaraðila vegna notkunar bifreiðastæðisins þann 17. febrúar 2020. Krafan var alls að fjárhæð 4.229 krónur, þar af var greiðsla fyrir viðveru að fjárhæð 2.229 krónur og krafa um greiðslu vangreiðslugjalds að fjárhæð 2.000 krónur. Greiðslukrafan var send til sóknaraðila en hann er skráður skráður eigandi bifreiðarinnar.

Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi verið óheimilt að stofna greiðslukröfu á hendur sér sem eiganda bifreiðarinnar þegar hann nýtti sér ekki þjónustu varnaraðila og hefur ekki samið um veitingu slíkrar þjónustu. Greiðsluseðillinn hefði réttilega átt að vera sendur til þess aðila sem nýtti sér þjónustuna. Sóknaraðili óskaði eftir upplýsingum frá varnaraðila um lagalegan grundvöll fyrir stofnun slíkrar greiðslukröfu en varnaraðili varð ekki við þeirri beiðni. Varnaraðili hefur bent á að honum sé aðeins fært að senda greiðsluseðil til skráðra eigenda bifreiða þar sem óheimilt sé að mynda og hafa uppi á einstaka öikumönnum. Það sé á ábyrgð eiganda bifreiðar að vita hver hafði umráð bifreiðarinnar hverju sinni. Krafan var að endingu send til innheimtu. Með innheimtukostnaði er krafan alls að fjárhæð 9.846 krónur samkvæmt greiðsluseðli dags. 26. mars 2020.

Við meðferð málsins hjá kærunefndinni felldi varnaraðili niður greiðslukröfu sína á hendur sóknaraðila. Þrátt fyrir að krafan sé í fullu samræmi við lög telur varnaraðili ekki svara kostnaði að halda kröfunni til streitu. Sóknaraðili óskaði í kjölfarið eftir því að kærunefndin kveði upp úrskurð þess efnis hvort starfshættir varnaraðila við innheimtu þjónustugjalda séu lögmatir.

### III

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Bifreið í eigu sóknaraðila var lagt í bifreiðastæði í kjallara fasteignar í eigu varnaraðila þann 14. febrúar 2020 án þess að sóknaraðili hafi þá verið ökumaður bifreiðarinnar. Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi verið óheimilt að krefjast greiðslu

gjalds fyrir notkun þriðja aðila á bifreiðastæðinu. Við meðferð málsins hefur varnaraðili felld niður kröfu sína gagnvart sóknaraðila en hefur bent á að krafan hafi verið réttmæt gagnvart sóknaraðila sem eiganda bifreiðarinnar. Sóknaraðili telur að krafan hafi ekki verið réttmæt og krefst úrskurðar nefndarinnar um réttmæti kröfunnar og innheimtu hennar.

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa kveður upp úrskurði í málum þar sem ágreiningur er til staðar um kaup á vöru eða þjónustu milli neytanda og seljanda, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Skilyrði þess að kærunefnd vöru- og þjónustukaupa kveði upp úrskurð í ágreiningi milli neytanda og seljanda er að raunverulegur ágreiningur sé til staðar í tengslum við tiltekið réttarsamband málsaðila og að málsaðilar hafi hagsmuni af því að leyst verði úr ágreiningnum.

Varnaraðili felldi niður kröfu sína á hendur sóknaraðila við meðferð málsins hjá kærunefndinni. Af því leiðir að einkaréttarlegur ágreiningur er ekki lengur uppi milli neytanda og seljanda vegna kaupa á vöru eða þjónustu í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga 81/2019.

Með vísan til framangreinds telur kærunefndin sér ekki fært að kveða upp úrskurð í málinu. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni, sbr. b. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

#### IV

#### Úrskurðarorð

Kvörtun X er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson